



# Fundargerð 265.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 20. október 2021 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Hreinn Pálsson, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Björg Erlingsdóttir og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Torfunefsbyggja.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir við endurbyggingu Torfunefsbyggju. Stjórn HN stefnir að hugmyndasamkeppni með þátttöku Akureyrarbæjar varðandi útlit og nýtingu á svæðinu. Hafnarstjóra falið að vinna áfram að málinu með skipulagsstjóra bæjarins.

### 2. Gjaldskrá HN 2022.

Umræða fór fram um gjaldskrá HN fyrir árið 2022. Hafnarstjóra falið að skila tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2022 á næsta stjórnarfundum.

### 3. Rekstur HN 2021, bráðabirgða niðurstaða.

Hafnarstjóri kynnti bráðabirgða niðurstöðu rekstrar fyrir árið 2021. Tekjur ársins stefna í að vera tæplega 530 mkr, rekstrarkostnaður fyrir utan afskriftir og fjármagnsliði um 393 mkr. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði tæplega 136 mkr en þegar búið er að taka tillit til þessara liða verður hagnaður um 20 mkr.

### 4. Önnur mál.

## Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 16:55

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

---

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

---



Axel Grettisson

---

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

---

Þróstur Friðfinnsson

---

Björg Erlingsdóttir

---

Björg Erlingsdóttir

---

Pórhallur Jónsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---